

Alþingi
Erindi nr. P 143/935
komudagur 2.2.2014

Umsögn Dögunar um mál 183 á þingskjali 229

Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr.24/2000 með síðari breytingum(sameiginlegur listi fyrir Reykjavíkurborg)

Dögun fagnar því að komið sé fram frumvarp sem gerir stjórnvaldasamtökum kleift að bjóða fram einn sameiginlegan framboðslista fyrir Reykjavíkurborg. Þessi skipting Reykjavíkur í tvö kjördæmi hefur allt frá því að hún var tekin upp valdið miklum ruglingi hjá kjósendum.

Þó að þessi breyting kalli ekki á breytingu á stjórnarskrá heldur einungis breytingar á lögum um kosningar til Alþingis þá hvetjum við þingmen til að vinna ötulega að breytingum á stjórnarskrá og koma á kosningakerfi sem jafnar vægi atkvæða.

Helga Þórðardóttir
fyrir hönd framkvæmdaráðs Dögunar

--

Helga Þórðardóttir
Seiðakvísl 7
110 Reykjavík
S: 8642987

Alþingi
Erindi nr. P 143/1184
komudagur 3.3.2014

Framkvæmdastjórn Samfylkingarinnar – jafnaðarmannaflokks Íslands hefur fjallað um frumvarp til laga um breytingu á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 24/2000, með síðari breytingum (sameiginlegur listi fyrir Reykjavíkurborg) og vill koma eftirfarandi atriðum á framfæri í umfjöllun stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis um málið:

1. Breytingin er greinilega til þess ætluð að einfalda og bæta viðmót stjórnmalahreyfinga sem bjóða fram til Alþingis í höfuðborginni gagnvart kjósendum. Ekki er gerð athugasemd við það og ljóst að það fyrirkomulag að bjóða fram einn lista í Reykjavík hefur ýmsa kosti í för með sér fyrir stjórnmalaflokkana.
2. Færa má rök fyrir því að skipting höfuðborgarinnar í Reykjavíkurborg Norður og Suður hafi ekki fest sig í sessi, m.a. vegna þess að margar stjórnmalahreyfingar efna enn til vals á einn framboðslista fyrir alþingiskosningar.
3. Verði af þessari breytingu þarf að kynna hana rækilega og búa þannig um hnútana að framkvæmd hennar sé hnökralaus.
4. Vert er að benda á að við þessa breytingu mundi ójafnvægi í kjósendafjölda á bak við hvern þingmann innan kjördæma aukast enn meira en nú er orðið. Í þessu sambandi má benda á að við síðustu breytingar á kjördæmaskipan – fækkun kjördæma úr 8 í 6 – var lagt til grundvallar að draga úr þessu misvægi kjördæmanna.
5. Framkvæmdastjórn Samfylkingarinnar – jafnaðarmannaflokks Íslands áréttar þá stefnu flokksins að jafna vægi atkvæða á öllu landinu og stefna að því að gera Ísland að einu kjördæmi.

Virðingarfyllst,

Þórunn Sveinbjarnardóttir,

Framkvæmdastýra Samfylkingarinnar – jafnaðarmannaflokks Íslands.

Alþingi
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 7. febrúar 2014
Tilvísun ÞÍ: 2014012214/5.20.0

Efni: Umsögn Þjóðskrár Íslands. Þingskjal 229 — 183. mál.

Vísað er til frumvarps til laga um breytingu á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 24/2000, þar sem lagt er til að lögfest verði heimild fyrir stjórnálagasamtök til að bjóða fram einn framboðslista sameiginlega fyrir bæði kjördæmin í Reykjavík.

Þjóðskrá Íslands fer samkvæmt 22. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000 með það hlutverk að láta sveitarstjórnnum í té kjörskrárstofna sem sveitarstjórn notar til þess að gera kjörskrár. Þjóðskrá Íslands telur að efni þess frumvarps sem hér er til umsagnar muni ekki hafa teljandi áhrif á hlutverk eða verkefni stofnunarinnar að því er lýtur að undirbúningi kosninga samkvæmt nefndum lögum og gerir því ekki efnislegar athugasemdir við frumvarpið.

F.h. Þjóðskrár Íslands


Astríður Jóhannesdóttir
Lögfræðingur